

## AUGLÝSING

### um samning um merkingu plastsprengriefna til að unnt sé að bera kennsl á þau.

Hinn 24. maí 2002 var Alþjóðaflugmálastofnuninni afhent aðildarskjal Íslands vegna samnings um merkingu plastsprengriefna til að unnt sé að bera kennsl á þau sem gerður var í Montreal 1. mars 1991. Samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar 23. júlí 2002.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 31. maí 2002.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Sverrir Haukur Gunnlaugsson.*

### Fylgiskjal.

#### SAMNINGUR

#### um merkingu plastsprengriefna til að unnt sé að bera kennsl á þau.

*Aðildarríki samnings þessa,*

*eru meðvituð um afleiðingar alþjóðlegrar hryðjuverkastarfsemi fyrir alþjóðaöryggi, láta í ljós miklar áhyggjur af hryðjuverkastarfsemi sem miðar að því að eyðileggja loftför, önnur flutningatæki og önnur skotmörk, hafa áhyggjur af því að plastsprengriefni hafa verið notuð til slíkrar hryðjuverkastarfsemi, telja að merking slíkra sprengriefna til að unnt sé að bera kennsl á þau myndi stuðla í ríkum mæli að því að koma í veg fyrir slíkar ólögmetar aðgerðir, viðurkenna að brýn þörf sé á alþjóðlegum réttarreglum sem skylda ríki til þess að samþykkja við-*

#### CONVENTION

#### on the Marking of Plastic Explosives for the Purpose of Detection

THE STATES PARTIES TO THIS CONVENTION,  
CONSCIOUS of the implications of acts of terrorism for international security;  
EXPRESSING deep concern regarding terrorist acts aimed at destruction of aircraft, other means of transportation and other targets;  
CONCERNED that plastic explosives have been used for such terrorist acts;  
CONSIDERING that the marking of such explosives for the purpose of detection would contribute significantly to the prevention of such unlawful acts;  
RECOGNIZING that for the purpose of deterring such unlawful acts there is an urgent need

eigandi ráðstafanir til þess að tryggja að plast-sprengiefni séu merkt á viðeigandi hátt í því skyni að hindra slíkar ólögsmætar aðgerðir, *hafa í huga* ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 635 frá 14. júní 1989 og ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 44/29 frá 4. desember 1989 þar sem Alþjóðaflugmálastofnunin er hvött til þess að efla starf sitt við að finna upp alþjóðlegt kerfi fyrir merkingu plast- og þynnu-sprengiefna til að unnt sé að bera kennsl á þau,

*taka tillit til* ályktunar nr. A27-8, sem var samþykkt samhljóða á 27. fundi þings Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, þar sem lútin var í ljós stuðningur við að tilbúningur nýrra, alþjóðlegra réttarreglna um merkingu plast- eða þynnu-sprengiefna, til að unnt sé að bera kennsl á þau, hefði algeran forgang, *veita athygli* með velþóknun því hlutverki sem ráð Alþjóðaflugmálastofnunarinnar gegnir við gerð samningsins og vilja þess til að vinna að framkvæmd hans,

*hafa orðið ásátt um eftirfarandi:*

#### 1. gr.

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Sprengiefni“ merkir sprengifimar framleiðsluvörur, almennt þekktar sem „plast-sprengiefni“, þar með talin sprengiefni í formi sveigjanlegra eða teygjanlegra þynna, eins og lýst er í tækniviðaukanum við samning þennan.
2. „Greiningarefni“ merkir efni sem er sett inn í sprengiefni til þess að unnt sé að bera kennsl á það, eins og lýst er í tækniviðaukanum við samning þennan.
3. „Að merkja“ merkir að setja inn í sprengiefni greiningarefni í samræmi við tækniviðaukann við samning þennan.
4. „Framleiðsla“ merkir ferli, þar með talin endurvinnsla, þar sem sprengiefni er framleitt.
5. „Leyfilegur búnaður til hernaðar“ merkir meðal annars, en ekki einvörðungu, skot-hylki, sprengjur, skeyti, jarðsprengjur og tundurdufl, flugskeyti, rakettur, skerhleðslur, handsprengjur og brynbrjóta sem framleidd eru einvörðungu fyrir her og lögreglu samkvæmt lögum og reglum viðkomandi aðildarríkis.
6. „Framleiðsluríki“ merkir ríki sem landsvæði á þar sem sprengiefni er framleitt.

for an international instrument obliging States to adopt appropriate measures to ensure that plastic explosives are duly marked;

CONSIDERING United Nations Security Council Resolution 635 of 14 June 1989, and United Nations General Assembly Resolution 44/29 of 4 December 1989 urging the International Civil Aviation Organization to intensify its work on devising an international regime for the marking of plastic or sheet explosives for the purpose of detection;

BEARING IN MIND Resolution A27-8 adopted unanimously by the 27th Session of the Assembly of the International Civil Aviation Organization which endorsed with the highest and overriding priority the preparation of a new international instrument regarding the marking of plastic or sheet explosives for detection;

NOTING with satisfaction the role played by the Council of the International Civil Aviation Organization in the preparation of the Convention as well as its willingness to assume functions related to its implementation;

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

#### Article I

For the purposes of this Convention:

1. “Explosives” mean explosive products, commonly known as “plastic explosives”, including explosives in flexible or elastic sheet form, as described in the Technical Annex to this Convention.
2. “Detection agent” means a substance as described in the Technical Annex to this Convention which is introduced into an explosive to render it detectable.
3. “Marking” means introducing into an explosive a detection agent in accordance with the Technical Annex to this Convention.
4. “Manufacture” means any process, including reprocessing, that produces explosives.
5. “Duly authorized military devices” include, but are not restricted to, shells, bombs, projectiles, mines, missiles, rockets, shaped charges, grenades and perforators manufactured exclusively for military or police purposes according to the laws and regulations of the State Party concerned.
6. “Producer State” means any State in whose territory explosives are manufactured.

## 2. gr.

Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar og skilvirkar ráðstafanir til þess að banna og koma í veg fyrir að ómerkt sprengiefni sé framleitt á landsvæði þess.

## 3. gr.

1. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar og skilvirkar ráðstafanir til þess að banna og koma í veg fyrir að ómerkt sprengiefni sé flutt inn á landsvæði þess eða út af því.
2. Málsgreinin hér á undan skal ekki gilda um flutning á ómerkту sprengiefni, undir eftirliti aðildarríkis skv. 1. mgr. 4. gr., á vegum her- eða lögregluþyrvalda aðildarríkis ef hann er ekki í ósamræmi við markmið samnings þessa.

## 4. gr.

1. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hafa strangt og skilvirkt eftirlit með eignarheimild og afhendingu eignarheimildar fyrir ómerkту sprengiefni, sem hefur verið framleitt á eða flutt inn á landsvæði þess áður en samningur þessi öðlast gildi gagnvart því ríki, í því skyni að koma í veg fyrir að það komist í rangar hendur eða sé notað í tilgangi sem samræmist ekki markmiðum samnings þessa.
2. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að öllum birgðum sprengiefna, sem getið er um í 1. mgr. þessarar greinar og her- eða lögregluþyrvöld þess aðildarríkis hafa ekki í vörslu sinni, sé eytt eða þær notaðar í tilgangi sem er ekki í ósamræmi við markmið samnings þessa, merktar eða gerðar óvirkar til frambúðar innan þriggja ára frá því að samningur þessi öðlast gildi gagnvart því ríki.
3. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að öllum birgðum sprengiefna, sem getið er um í 1. mgr. þessarar greinar og her- eða lögregluþyrvöld þess aðildarríkis hafa í vörslu sinni og eru ekki felldar inn í leyfilegan búnað til hernaðar sem óaðskiljanlegur hluti hans, sé eytt eða þær notaðar í tilgangi sem er ekki í ósamræmi við markmið samnings þessa, merktar eða gerðar óvirkar til frambúðar innan fimmtán ára frá því að samningur þessi öðlast gildi gagnvart því ríki.

## Article II

Each State Party shall take the necessary and effective measures to prohibit and prevent the manufacture in its territory of unmarked explosives.

## Article III

1. Each State Party shall take the necessary and effective measures to prohibit and prevent the movement into or out of its territory of unmarked explosives.
2. The preceding paragraph shall not apply in respect of movements for purposes not inconsistent with the objectives of this Convention, by authorities of a State Party performing military or police functions, of unmarked explosives under the control of that State Party in accordance with paragraph 1 of Article IV.

## Article IV

1. Each State Party shall take the necessary measures to exercise strict and effective control over the possession and transfer of possession of unmarked explosives which have been manufactured in or brought into its territory prior to the entry into force of this Convention in respect of that State, so as to prevent their diversion or use for purposes inconsistent with the objectives of this Convention.
2. Each State Party shall take the necessary measures to ensure that all stocks of those explosives referred to in paragraph 1 of this Article not held by its authorities performing military or police functions are destroyed or consumed for purposes not inconsistent with the objectives of this Convention, marked or rendered permanently ineffective, within a period of three years from the entry into force of this Convention in respect of that State.
3. Each State Party shall take the necessary measures to ensure that all stocks of those explosives referred to in paragraph 1 of this Article held by its authorities performing military or police functions and that are not incorporated as an integral part of duly authorized military devices are destroyed or consumed for purposes not inconsistent with the objectives of this Convention, marked or rendered permanently ineffective, within a period of fifteen years from the entry into force of this Convention in respect of that State.

4. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að ómerktu sprengiefni, sem kann að finnast á landsvæði þess og ekki er getið um í málsgreinum þessarar greinar hér á undan, sé eytt þar eins fljótt og auðið er, öðru en birgðum ómerkts sprengiefnis sem her- eða lögregluyfirvöld þess aðildarríkis hafa í vörslu sinni og hafa verið felldar inn í leyfilegan búnað til hernáðar sem óaðskiljanlegur hluti hans þegar samningur þessi öðlast gildi gagnvart því ríki.
5. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hafa strangt og skilvirkt eftirlit með eignarheimild og afhendingu eignarheimildar fyrir sprengiefni, sem getið er um í 2. mgr. I. hluta tækniviðaukans við samning þennan, í því skyni að koma í veg fyrir að það komist í rangar hendur eða sé notað í tilgangi sem samræmist ekki markmiðum samnings þessa.
6. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að ómerktu sprengiefni, sem er framleitt eftir að samningur þessi öðlast gildi gagnvart því og er ekki innfellt eins og tilgreint er í d-lið 2. mgr. I. hluta tækniviðaukans við samning þennan, sé eytt á landsvæði þess, eins fljótt og auðið er, ásamt ómerktu sprengiefni sem ákvæði annarra undirliða fyrrnefndrar 2. mgr. gilda ekki lengur um.
4. Each State Party shall take the necessary measures to ensure the destruction, as soon as possible, in its territory of unmarked explosives which may be discovered therein and which are not referred to in the preceding paragraphs of this Article, other than stocks of unmarked explosives held by its authorities performing military or police functions and incorporated as an integral part of duly authorized military devices at the date of the entry into force of this Convention in respect of that State.
5. Each State Party shall take the necessary measures to exercise strict and effective control over the possession and transfer of possession of the explosives referred to in paragraph II of Part I of the Technical Annex to this Convention so as to prevent their diversion or use for purposes inconsistent with the objectives of this Convention.
6. Each State Party shall take the necessary measures to ensure the destruction, as soon as possible, in its territory of unmarked explosives manufactured since the coming into force of this Convention in respect of that State that are not incorporated as specified in paragraph II (d) of Part I of the Technical Annex to this Convention and of unmarked explosives which no longer fall within the scope of any other sub-paragraphs of the said paragraph II.

## 5. gr.

1. Með samningi þessum er sett á stofn alþjóðleg tækninefnd um sprengiefni (hér á eftir nefnd „nefndin“) sem í eiga sæti ekki færri en fimmtán og ekki fleiri en níjtján nefndarmenn sem ráð Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (hér á eftir nefnt „ráðið“) skipar úr hópi manna sem eru tilnefndir af aðildarríkjum samnings þessa.
2. Nefndarmenn skulu vera sérfræðingar með beina og umtalsverða reynslu í málefnum sem tengjast framleiðslu, greiningu eða rannsóknnum á sprengiefnum.
3. Nefndarmenn skulu starfa í þrjú ár og er heimilt að tilnefna þá á ný.
4. Boða skal til funda nefndarinnar í höfuðstöðvum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar að
1. There is established by this Convention an International Explosives Technical Commission (hereinafter referred to as “the Commission”) consisting of not less than fifteen nor more than nineteen members appointed by the Council of the International Civil Aviation Organization (hereinafter referred to as “the Council”) from among persons nominated by States Parties to this Convention.
2. The members of the Commission shall be experts having direct and substantial experience in matters relating to the manufacture or detection of, or research in, explosives.
3. Members of the Commission shall serve for a period of three years and shall be eligible for re-appointment.
4. Sessions of the Commission shall be convened, at least once a year at the Head-

## Article V

minnsta kosti einu sinni ár hvert eða á þeim stað og tíma sem ráðið gefur fyrir mæli um eða samþykkir.

5. Nefndin setur sér starfsreglur sem ráðið skal samþykkja.

#### 6. gr.

1. Nefndin skal leggja mat á tæknipróun á sviði framleiðslu, merkingar og greiningar sprengiefna.
2. Nefndin skal, í gegnum ráðið, gefa aðildarríkjunum og alþjóðastofnunum, sem málið varðar, skýrslu um niðurstöður sínar.
3. Nefndin skal, þegar nauðsyn ber til, beina tilmælum til ráðsins um breytingar á tækniviðaukanum við samning þennan. Nefndin skal leitast við að ná almennu samkomulagi um ákvarðanir sínar um slík tilmæli. Nefndin skal taka slíkar ákvarðanir með atkvæðum tveggja þriðju hluta nefndarmanna ef almennt samkomulag næst ekki.
4. Ráðið getur, að fengnum tilmælum nefndarinnar, lagt fyrir aðildarríkin breytingartillögur við tækniviðaukann við samning þennan.

#### 7. gr.

1. Hvert aðildarríki getur sent ráðinu athugasemdir sínar innan níutíu daga frá því að tilkynnt er um breytingatillögu við tækniviðaukann við samning þennan. Ráðið skal senda nefndinni þessar athugasemdir til umfjöllunar eins fljótt og auðið er. Ráðið skal bjóða hverju því aðildarríki, sem gerir athugasemdir við breytingatillögu eða andmælir henni, að hafa samráð við nefndina.
2. Nefndin skal taka til umfjöllunar sjónarmið aðildarríkja, sem fram koma samkvæmt málsgreininni hér á undan, og gefa ráðinu skýrslu. Ráðið getur lagt viðkomandi breytingu fyrir öll aðildarríki til samþykktar að lokinni umfjöllun sinni um skýrslu nefndarinnar og að teknu tilliti til þess hvers eðlis breytingin er og til athugasemda aðildarríkja, þar með talinna framleiðsluríkja.
3. Hafi fimm eða fleiri aðildarríki ekki andmælt breytingatillögu með skriflegri tilkynningu til ráðsins innan níutíu daga frá því að ráðið tilkynnti um breytinguna skal líta svo á að hún hafi verið samþykkt og skal hún öðlast gildi gagnvart aðildarríkjum, sem hafa ekki and-

quarters of the International Civil Aviation Organization, or at such places and times as may be directed or approved by the Council.

5. The Commission shall adopt its rules of procedure, subject to the approval of the Council.

#### Article VI

1. The Commission shall evaluate technical developments relating to the manufacture, marking and detection of explosives.
2. The Commission, through the Council, shall report its findings to the States Parties and international organizations concerned.
3. Whenever necessary, the Commission shall make recommendations to the Council for amendments to the Technical Annex to this Convention. The Commission shall endeavour to take its decisions on such recommendations by consensus. In the absence of consensus the Commission shall take such decisions by a two-thirds majority vote of its members.
4. The Council may, on the recommendation of the Commission, propose to States Parties amendments to the Technical Annex to this Convention.

#### Article VII

1. Any State Party may, within ninety days from the date of notification of a proposed amendment to the Technical Annex to this Convention, transmit to the Council its comments. The Council shall communicate these comments to the Commission as soon as possible for its consideration. The Council shall invite any State Party which comments on or objects to the proposed amendment to consult the Commission.
2. The Commission shall consider the views of States Parties made pursuant to the preceding paragraph and report to the Council. The Council, after consideration of the Commission's report, and taking into account the nature of the amendment and the comments of States Parties, including producer States, may propose the amendment to all States Parties for adoption.
3. If a proposed amendment has not been objected to by five or more States Parties by means of written notification to the Council within ninety days from the date of notification of the amendment by the Council, it shall be deemed to have been adopted, and shall enter

mælt henni sérstaklega, eitt hundrað og átta-tíu dögum eftir það eða að liðnum þeim tíma sem tilgreindur er í breytingatillögunni.

4. Aðildarríki, sem hafa beinlínis andmælt viðkomandi breytingatillögu, geta síðar lýst samþykki sínu við því að vera bundin af ákvæðum breytingatillögunnar með því að afhenda skjal um staðfestingu eða samþykki til vörslu.
5. Hafi fimm eða fleiri aðildarríki andmælt breytingatillögunni skal ráðið vísa henni til nefndarinnar til frekari umfjöllunar.
6. Hafi breytingatillagan ekki verið samþykkt í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar getur ráðið einnig kallað saman þing allra aðildarríkja.

#### 8. gr.

1. Aðildarríkin skulu, verði því komið við, senda ráðinu upplýsingar sem myndu gagnast nefndinni til þess að rækja störf sín skv. 1. mgr. 6. gr.
2. Aðildarríkin skulu upplýsa ráðið um ráðstafanir sem þau hafa gert til þess að hrinda ákvæðum sammings þessa í framkvæmd. Ráðið skal senda öllum aðildarríkjum og alþjóðastofnunum, sem málið varðar, þessar upplýsingar.

#### 9. gr.

Ráðið skal, í samvinnu við aðildarríki og alþjóðastofnanir sem málið varðar, gera viðeigandi ráðstafanir til þess að greiða fyrir framkvæmd sammings þessa, meðal annars veita tæknilega aðstoð og auðvelda skipti á upplýsingum um tækniþróun á sviði merkingar og greiningar sprengiefna.

#### 10. gr.

Tækniviðaukinn við samning þennan er óaðskiljanlegur hluti hans.

#### 11. gr.

1. Ágreiningi milli tveggja eða fleiri aðildarríkja um túlkun eða beitingu sammings þessa, sem ekki er unnt að leysa með samkomulagi, skal vísa til gerðardóms að ósk eins þeirra. Geti aðilar ekki komið sér saman um skipan gerðardóms, innan sex mánaða frá því að gerðar er óskað, getur hver þeirra vísað deilunni til

into force one hundred and eighty days thereafter or after such other period as specified in the proposed amendment for States Parties not having expressly objected thereto.

4. States Parties having expressly objected to the proposed amendment may, subsequently, by means of the deposit of an instrument of acceptance or approval, express their consent to be bound by the provisions of the amendment.
5. If five or more States Parties have objected to the proposed amendment, the Council shall refer it to the Commission for further consideration.
6. If the proposed amendment has not been adopted in accordance with paragraph 3 of this Article, the Council may also convene a conference of all States Parties.

#### Article VIII

1. States Parties shall, if possible, transmit to the Council information that would assist the Commission in the discharge of its functions under paragraph 1 of Article VI.
2. States Parties shall keep the Council informed of measures they have taken to implement the provisions of this Convention. The Council shall communicate such information to all States Parties and international organizations concerned.

#### Article IX

The Council shall, in co-operation with States Parties and international organizations concerned, take appropriate measures to facilitate the implementation of this Convention, including the provision of technical assistance and measures for the exchange of information relating to technical developments in the marking and detection of explosives.

#### Article X

The Technical Annex to this Convention shall form an integral part of this Convention.

#### Article XI

1. Any dispute between two or more States Parties concerning the interpretation or application of this Convention which cannot be settled through negotiation shall, at the request of one of them, be submitted to arbitration. If within six months from the date of the request for arbitration the Parties are

Alþjóðadómstólsins með beiðni í samræmi við samþykktir hans.

2. Hvert aðildarríki getur við undirritun, fullgildingu, staðfestingu eða samþykki samnings þessa eða aðild að honum lýst því yfir að það telji sig óbundið af málsgreininni hér á undan. Önnur aðildarríki skulu ekki bundin af málsgreininni hér á undan gagnvart aðildarríki sem gert hefur slíkan fyrirvara.
3. Hverju aðildarríki, sem hefur gert fyrirvara í samræmi við málsgreinina hér á undan, er hvenær sem er heimilt að draga þann fyrirvara til baka með tilkynningu til vörsluaðila.

#### 12. gr.

Með þeim undantekningum, sem kveðið er á um í 11. gr., er óheimilt að gera fyrirvara við samning þennan.

#### 13. gr.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar í Montreal 1. mars 1991 fyrir þau ríki sem taka þátt í alþjóðaráðstefnunni um flugrétt í Montreal 12. febrúar til 1. mars 1991. Eftir 1. mars 1991 skal samningurinn liggja frammi til undirritunar fyrir öll ríki í höfuðstöðvum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í Montreal þar til hann öðlast gildi í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar. Hvert það ríki, sem undirritar ekki samning þennan, getur gerst aðili að honum hvenær sem er.
2. Samningur þessi skal háður fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild ríkja. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild skal afhenda Alþjóðaflugmálastofnuninni til vörslu sem hér með er tilnefnd vörsluaðili samningsins. Um leið og ríki afhendir skjál sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild skal það skýra frá því hvort það er framleiðsluríki eða ekki.
3. Samningur þessi öðlast gildi á sextugasta degi frá þeim degi þegar þrítugasta og fimmta skjalið um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent vörsluaðila, að því tilskildu að eigi færri en fimm slík ríki hafi skýrt frá því, skv. 2. mgr. þessarar greinar, að þau séu framleiðsluríki. Hafi þrjátíu og fimm slík skjöl verið afhent til vörslu áður en fimm

unable to agree on the organization of the arbitration, any one of those Parties may refer the dispute to the International Court of Justice by request in conformity with the Statute of the Court.

2. Each State Party may, at the time of signature, ratification, acceptance or approval of this Convention or accession thereto, declare that it does not consider itself bound by the preceding paragraph. The other States Parties shall not be bound by the preceding paragraph with respect to any State Party having made such a reservation.
3. Any State Party having made a reservation in accordance with the preceding paragraph may at any time withdraw this reservation by notification to the Depositary.

#### Article XII

Except as provided in Article XI no reservation may be made to this Convention.

#### Article XIII

1. This Convention shall be open for signature in Montreal on 1 March 1991 by States participating in the International Conference on Air Law held at Montreal from 12 February to 1 March 1991. After 1 March 1991 the Convention shall be open to all States for signature at the Headquarters of the International Civil Aviation Organization in Montreal until it enters into force in accordance with paragraph 3 of this Article. Any State which does not sign this Convention may accede to it at any time.
2. This Convention shall be subject to ratification, acceptance, approval or accession by States. Instruments of ratification, acceptance, approval or accession shall be deposited with the International Civil Aviation Organization, which is hereby designated the Depositary. When depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, each State shall declare whether or not it is a producer State.
3. This Convention shall enter into force on the sixtieth day following the date of deposit of the thirty-fifth instrument of ratification, acceptance, approval or accession with the Depositary, provided that no fewer than five such States have declared pursuant to paragraph 2 of this Article that they are producer States. Should thirty-five such instruments

framleiðsluríki hafa afhent skjöl sín til vörslu skal samningur þessi öðlast gildi á sextugasta degi frá þeim degi þegar fimmta framleiðsluríkið afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu.

4. Samningur þessi öðlast gildi gagnvart öðrum ríkjum sextíu dögum frá þeim degi er þau afhenda skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu.
5. Strax og samningur þessi öðlast gildi skal vörsluaðili skrá hann skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna og skv. 83. gr. samningsins um alþjóðaflugmál (Chicago 1944).

#### 14. gr.

Vörsluaðili skal tafarlaust senda öllum undirritunaraðilum og aðildarríkjum tilkynningu:

1. í hvert sinn sem samningur þessi er undirritaður og um hvenær það er gert;
2. í hvert sinn sem skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent til vörslu, þar sem tilgreint er hvenær það er gert og sérstaklega tekið fram hvort viðkomandi ríki hafi skilgreint sig sem framleiðsluríki.
3. um gildistökudag samnings þessa;
4. um gildistökudag hvernar breytingar á samningi þessum eða tækniviðaukanum við hann;
5. um hverja uppsögn skv. 15. gr.; og
6. um hverja yfirlýsingu skv. 2. mgr. 11. gr.

#### 15. gr.

1. Hvert aðildarríki getur sagt samningi þessum upp með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila.
2. Uppsögn öðlast gildi 180 dögum eftir að vörsluaðili móttækur tilkynningu.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir sendimenn, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

GJÖRT í Montreal hinn 1. mars 1991 í einu frumriti í jafngildum textum á arabísku, ensku, frönsku, rússnesku og spænsku.

be deposited prior to the deposit of their instruments by five producer States, this Convention shall enter into force on the sixtieth day following the date of deposit of the instrument of ratification, acceptance, approval or accession of the fifth producer State.

4. For other States, this Convention shall enter into force sixty days following the date of deposit of their instruments of ratification, acceptance, approval or accession.
5. As soon as this Convention comes into force, it shall be registered by the Depositary pursuant to Article 102 of the Charter of the United Nations and pursuant to Article 83 of the Convention on International Civil Aviation (Chicago, 1944).

#### Article XIV

The Depositary shall promptly notify all signatories and States Parties of:

1. each signature of this Convention and date thereof;
2. each deposit of an instrument of ratification, acceptance, approval or accession and date thereof, giving special reference to whether the State has identified itself as a producer State;
3. the date of entry into force of this Convention;
4. the date of entry into force of any amendment to this Convention or its Technical Annex;
5. any denunciation made under Article XV; and
6. any declaration made under paragraph 2 of Article XI.

#### Article XV

1. Any State Party may denounce this Convention by written notification to the Depositary.
2. Denunciation shall take effect one hundred and eighty days following the date on which notification is received by the Depositary.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned Plenipotentiaries, being duly authorized thereto by their Governments, have signed this Convention. DONE at Montreal, this first day of March, one thousand nine hundred and ninety-one, in one original, drawn up in five authentic texts in the English, French, Russian, Spanish and Arabic languages.



**TÆKNIVÍÐAUKI****1. hluti: Lýsing sprengiefna.**

- I. Sprengiefnin, sem getið er um í 1. mgr. 1. gr. samnings þessa, eru þau sem:
- eru mynduð úr einu öflugu sprengiefni eða fleirum sem í hreinni mynd hafa gufuþrýsting sem er undir 10-4 Pa við 25° C;
  - hafa bindiefni í samsetningu; og
  - eru, sem blanda, mótanleg eða sveigjanleg við venjulegan stofuhita.
- II. Eigi ber að líta á eftirtalin sprengiefni sem sprengiefni, jafnvel þó lýsing sprengiefna í I. mgr. þessa hluta eigi við um þau, svo fremi að þau séu áfram varðveitt eða notuð í þeim tilgangi sem getið er um hér að aftan eða eru áfram innfelld eins og þar er tilgreint, það er að segja sprengiefni sem:
- eru framleidd eða varðveitt í takmörkuðu magni einungis til nota við heimilaðar rannsóknir, þróun eða prófanir á nýjum eða breyttum sprengiefnum;
  - eru framleidd eða varðveitt í takmörkuðu magni einungis til nota við heimilaða þjálfun í því að bera kennsl á sprengiefni og/eða við þróun eða prófanir á búnaði til þess að bera kennsl á sprengiefni;
  - eru framleidd eða varðveitt í takmörkuðu magni, einungis til nota við heimilaða starfsemi á vettvangi réttarvísinda; eða
  - er ætlað að verða og eru felld inn í leyfilegan búnað til hernaðar sem óaðskiljanlegur hluti hans á landsvæði framleiðsluríkisins innan þriggja ára frá gildistöku samnings þessa gagnvart því ríki. Líta ber á slíkan búnað, sem er framleiddur á fyrrnefndu þriggja ára tímabili, sem leyfilegan búnað til hernaðar í skilningi 4. mgr. 4. gr. samnings þessa.
- III. Í þessum hluta merkir:
- „leyfilegur“ í a-, b- og c-lið II. mgr., leyfilegur samkvæmt lögum og reglugerðum viðkomandi aðildarríkis; og
- „öflug sprengiefni“, meðal annars en ekki einvörðungu, sýklótetrametýlentetranítramín (HMX), pentaerytrítól tetranítrat (PETN) og sýklótrímetylentrínítramín (RDX).

**2. hluti: Greiningarefni.**

Greiningarefni er hvert það efni sem er sett fram í töflunni hér á eftir. Greiningarefni, sem er lýst í þessari töflu, eru ætluð til þess að þróa greinanleika sprengiefnis með gufugreiningu. Í hverju tilviki skal ísetning greiningarefnis í sprengiefni fara fram með þeim hætti að einsleit dreifing náist fram í fullunninni framleiðsluvöru. Við framleiðslu skal lágmarksstyrkleiki greiningarefnis í fullunninni framleiðsluvöru vera eins og kemur fram í fyrrnefndri töflu.

Heiti greiningarefnis	Sameindaformúla	Mólpungi	Lágmarksstyrkleiki
Etýlenglýkóldínítrat (EGDN)	C <sub>2</sub> H <sub>4</sub> (NO <sub>3</sub> ) <sub>2</sub>	152	0,2% miðað við massa
2,3-dímetyí-2,3-dínítróbútan (DMNB)	C <sub>6</sub> H <sub>12</sub> (NO <sub>2</sub> ) <sub>2</sub>	176	0,1% miðað við massa
Para-mónónítrólólúen (p-MNT)	C <sub>7</sub> H <sub>7</sub> NO <sub>2</sub>	137	0,5% miðað við massa
Ortó-mónónítrólótúen (o-MNT)	C <sub>7</sub> H <sub>7</sub> NO <sub>2</sub>	137	0,5% miðað við massa

Líta ber svo á að merkja skuli hvert það sprengiefni sem, sakir eðlilegrar samsetningar, inniheldur eitthvert hinna tilteknu greiningarefna við eða ofan við þann lágmarksstyrkleika sem krafa er gerð um.

**TECHNICAL ANNEX**  
**Part 1: Description of Explosives**

- I. The explosives referred to in paragraph 1 of Article I of this Convention are those that:
- a) are formulated with one or more high explosives which in their pure form have a vapour pressure less than  $10^{-4}$  Pa at a temperature of 25 EC;
  - b) are formulated with a binder material; and
  - c) are, as a mixture, malleable or flexible at normal room temperature.
- II. The following explosives, even though meeting the description of explosive in paragraph I of this Part, shall not be considered to be explosives as long as they continue to be held or used for the purposes specified below or remain incorporated as there specified, namely those explosive that:
- a) are manufactured, or held, in limited quantities solely for use in duly authorized research, development or testing of new or modified explosives;
  - b) are manufactured, or held, in limited quantities solely for use in duly authorized training in explosives detection and/or development or testing of explosives detection equipment;
  - c) are manufactured, or held, in limited quantities solely for duly authorized forensic science purposes; or
  - d) are destined to be and are incorporated as an integral part of duly authorized military devices in the territory of the producer State within three years after the coming into force of this Convention in respect of that State. Such devices produced in this period of three years shall be deemed to be duly authorized military devices within paragraph 4 of Article IV of this Convention.

III. In this Part:

„duly authorized“ in paragraph II (a), (b) and (c) means permitted according to the laws and regulations of the State Party concerned; and

„high explosives“ include but are not restricted to cyclotetramethylenetetranitramine (HMX), pentaerythritol tetranitrate (PETN) and cyclotrimethylenetrinitramine (RDX).

**Part 2: Detection Agents**

A detection agent is any one of those substances set out in the following Table. Detection agents described in this Table are intended to be used to enhance the detectability of explosives by vapour detection means. In each case, the introduction of a detection agent into an explosive shall be done in such a manner as to achieve homogeneous distribution in the finished product. The minimum concentration of a detection agent in the finished product at the time of manufacture shall be as shown in the said Table.

<b>Name of detection</b>	<b>Formula</b>	<b>Weight</b>	<b>Concentration</b>
Ethylene glycol dinitrate (EGDN)	$C_2H_4(NO_3)_2$	152	0.2% by mass
2,3-Dimethyl-2,3 dinitrobutane (DMNB)	$C_6H_{12}(NO_2)_2$	176	0.1% by mass
para-Mononitrolooluene (p-MNT)	$C_7H_7NO_2$	137	0.5% by mass
ortho-Mononitrolootuene (o-MNT)	$C_7H_7NO_2$	137	0.5% by mass

Any explosive which, as a result of its normal formulation contains any of the designated detection agents at or above the required minimum concentration level shall be deemed to be marked.